

Verkefnalýsing

Hvað er Arctic Edge verkefnið?

Arctic Edge er samfjármagnað verkefni á vegum Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins (e. Interreg Northern Periphery and Arctic - NPA). Verkefnið miðar að því að styðja lítil og meðalstór fyrirtæki á afskekktum og norðlægum svæðum við stafræna umbreytingu birgðakeðja þeirra. Í verkefninu er þróuð einingabundin, opin og lágkóðalausn sem auðvelt er að samþætta við fyrirliggjandi fyrirtækjakerfi. Lausnin eykur gegnsæi og rekjanleika í allri birgðakeðjunni og stuðlar að bættri birgðastýringu, nákvæmari spágerð og skilvirkari pöntunarferlum. Markmið verkefnisins er að styrkja seiglu birgðakeðja og straumlínulaga rekstur fyrirtækja sem standa frammi fyrir löngum afhendingartímum, takmörkuðum innviðum og verulegri fjarlægð frá helstu mörkuðum.

Hvaða ávinningur felst í þátttöku?

Þú færð aðgang að notendavænum stafrænum verkfærum sem bæta birgðastýringu, draga úr skorti á birgðum, straumlínulaga afhendingarferla og lækka rekstrarkostnað. Verkfærin eru hönnuð sem lágkóða- eða engin kóða-lausnir, þannig að ekki er þörf á sérhæfðri tæknilegri þekkingu til að nýta þau.

Á meðan á verkefninu stendur fá þátttökufyrirtæki (SME – lítil og meðalstór) sex klukkustundir af sérsniðinni ráðgjöf án endurgjalds, miðað að þörfum þeirra birgðakeðju. Þessi einstaklingsmiðaða þjónusta aðstoðar þig við að greina þau stafrænu verkfæri og ferla sem henta best starfsemi þinni og markmiðum.

Sérfræðingar okkar styðja þig við samþættingu lausnanna við núverandi kerfi, hvort sem þú notar ERP-hugbúnað, töflureikna eða sérsniðnar lausnir. Að auki færð þú ítarleg leiðbeiningaskjöl sem styðja teymið þitt í innleiðingarferlinu og auðvelda frekari þróun og stækkun lausnarinnar.

Þú munt einnig hafa aðgang að raunverulegum reynslusögum, svokölluðum “Stafrænum leiðarljósum” (e. *Digital Beacons*), sem sýna fram á áskoranir og árangur lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem þegar nýta þessi verkfæri. Þessar innsýnir veita þér tækifæri til að forðast algengar hindranir og tileinka þér prófaðar og árangursríkar aðferðir.

Í Arctic Edge verkefninu fylgja hvorki leyfisgjöld né tenging við ákveðna hugbúnaðarbirgja, þar sem öll þróuð verkfæri eru opin hugbúnaður (e. open-source). Þetta tryggir langtíma hagkvæmni, sveigjanleika og frelsi til að sérsníða lausnirnar eftir því sem fyrirtækið þitt þróast.

Hvernig tekur þú þátt?

Alls verða 26 lítil og meðalstór fyrirtæki á NPA-svæðunum valin til þátttöku í ráðgjafarþrógramminu. Ef þú ert í litlu til meðalstóru framleiðslufyrirtæki á Íslandi sem er tilbúið að nútímavæða birgðakeðjuna með hagkvæmum og áhrifaríkum stafrænum verkfærum, geturðu sótt um í gegnum lónaðarverkfræðideild Háskóla Íslands eða haft beint samband við Arctic Edge teymið með því að senda tölvupóst á gvo@hi.is eða heimsækja heimasíðu verkefnisins: www.interreg-npa.eu/projects/arctic-edge